



Ályktun um umskurð drengja

Ungt Framsóknarfólk telur umskurð á kynfærum barna vera brot á mann- og sjálfsákvörðunarrétti barna, þar sem varanlegar og óafturkræfar aðgerðir eru framkvæmdar á kynfærum barna án þeirra samþykkis. Umskurður á kynfærum drengja felur í sér mikið og varanlegt inngrip í líkama barns sem getur ollið sársauka og hættu á sýkingu. Ætti slík aðgerð ekki að fara fram nema nauðsyn krefji af heilsufarlegum ástæðum.

Umskurður kvenna og stúlkubarna hefur verið bannaður frá árinu 2005 á Íslandi en það var gert í kjölfar þess að Sameinuðu Þjóðirnar og fleiri alþjóðlegar stofnanir eins og Rauði krossinn og Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin bönnuðu limlestingar á kynfærum barna. Þrátt fyrir það er umskurður drengja enn leyfilegur.

Ávallt skal hafa það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi en það er mat ungs Framsóknarfólks að núverandi löggjöf brjóti gegn þeirri meginreglu sem kemur m.a. fram í 2. mgr. 1. gr. barnlaga¹ sem á sér hliðstæðu í 1. mgr 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.² Þá samræmist umskurður drengja illa 3. mgr. 1. gr. barnalaga sbr. 12. gr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um að börn eigi að fá að tjá sig um öll þau málefni sem þau varða.

Umræddar aðgerðir ættu ekki vera gerðar að frumkvæði annara en einstaklingsins sjálfs sem þær eru gerðar á. Börn hafa ekki þroska til þess að ákveða þetta sjálf en einnig brýtur umskurður á kynfærum gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er ótækt að forsjáraðilar barna taki svo afgerandi ákvörðun um afmyndun á kynfærum barna. Réttur barna á að ganga framar rétti fullorðinna til að taka óafturkræfar trúar- eða menningarlegar ákvarðanir um líkama barna. Þá má geta þess að 3. mgr. 24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verndar börn gegn hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna og skyldar aðildarríki sáttmálans til þess

¹ Barnalög. Lög nr. 76/2003. <https://www.althingi.is/lagas/149b/2003076.html>

² Lög um barnasáttmála sameinuðuþjóðanna. Lög nr. 16/2013. <https://www.althingi.is/altxt/stjt/2013.019.html>



Samband ungra
Framsóknarmanna

að ryðja slíkum hefðum úr vegi. Það kann að vera svo að drengir vilji láta umskera sig af trúar- eða menningarlegum ástæðum en slíkar ákvarðanir verða þeir sjálfir að taka þegar þeir hafa náð aldri og þroska til þess að skilja hvað slíkar aðgerðir geta haft í för með sér.

Þá hafa hundruðir íslenskra lækna lýst yfir stuðningi sínum á frumvarpi sem bannar umskurð drengja nema læknisfræðilegar ástæður liggi því til grundvallar.³ Má einnig geta þess að umboðsmenn barna á öllum Norðurlöndunum undirrituðu árið 2013 viljayfirlýsingu þess efnis að banna umskurð barna.⁴

Ungt Framsóknarfólk krefst þess að Alþingi:

- Leggi fram og samþykki frumvarp sem bannar óþarfar og óafturkræfar aðgerðir á kynfærum allra barna ekki einungis stúlkubarna.
- Láti slík brot á börnum falla undir 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1944 sem kveður á um bann við fjarlægingu á kynfærum stúlkubarna og kvenna.

³ RÚV. (2018). *Rúmlega 400 lækna styðja umskurðarfrumvarp*.
<https://www.ruv.is/frett/rumlega-400-laeknar-stydja-umskurdarfrumvarp>

⁴ Umboðsmaður barna. (2013). *Umskurður brýtur gegn réttindum ungra drengja*.
<https://www.barn.is/frettir/2013/10/umskurdur-brytur-gegn-rettindum-ungra-drengja>



Samband ungra
Framsóknarmanna

Ályktun um skipulag íbúðahverfa

Ungt Framsóknarfólk vill að skipulag á nýjum hverfum eða enduruppbygging eldri hverfa skuli ætíð hafa blandaða byggð að leiðarljósi. Ný hverfi verða að vera byggð með það í huga að allir tekjuhópar hafi tækifæri til að búa þar. Efnahagur, uppruni, stétt og/eða trú eiga ekki að ráða því hvar fólk hefur aðgengi að heimili. Í hverfum þar sem stéttaskipting er meiri eru börn sem eiga erfitt með að aðlagast íslenskri menningu, samfélagi og tungu. Þetta á líka við um fólk af öllum aldri úr öllum stéttum. Það er mikilvægt að við sem samfélag gerum ekki upp á milli efnahags fólks.



Valdefling ungmenna í sveitarfélögum

Ungt Framsóknarfólk vill að ungmenni fái sterkari rödd hjá sveitarfélögum og öruggan aðgang að sveitastjórnnum með því að taka þátt í ungmennaráðum. Einnig vill ungt Framsóknarfólk að ungmennaráð sveitarfélaga verði launuð. Nú þegar er í lögum að ungmennaráð eigi að vera starfrækt í hverju sveitarfélagi. Í æskulýðslögum 70/2007 gr. 11 segir⁵:

“ Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð. “

Menntamál og málefni ungs fólks eru almennt hlutfallslega stórir kostnaðarliðir sveitarfélaga. Því ætti ungt fólk að hafa margt að segja um það hvert peningarnir fara.

Ungt Framsóknarfólk kallar eftir því að:

- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra gæti að því að hvert sveitarfélag sé með starfandi ungmennaráð öllum stundum.
- Að ungmennaráð sveitarfélaga verði launuð.

⁵ Alþingi. (2007). *Æskulýðslög*. <https://www.althingi.is/alttext/stjt/2007.070.html>



Samband ungra
Framsóknarmanna

Samræmt flokkunarkerfi sveitarfélaga og bætt nýting auðlinda

Ungt Framsóknarfólk kallar eftir því að komið verður á samræmdu sorpflokkunarkerfi hjá sveitarfélögum á Íslandi og að stefnt verði að frekari nýtingu verðmæta sem verða til við flokkunina. Of mikið flækjustig er í núverandi sorpkerfum þar sem margar útgáfur eru í gangi sem veldur mikilli óvissu hjá fólki og eykur líkur á rangri flokkun.

Ungt Framsóknarfólk vill að sorpflokkun verði til fyrirmyndar á öllu landinu og samræmt flokkunarkerfi alls landsins leggur grunn að því markmiði. Ungt Framsóknarfólk vill einnig að þau verðmæti sem safnast saman við flokkunina verði sem mest nýtt hér á landi til að minnka óþarfa flutninga sem stækkar kolefnisspor landsins og stuðla frekar að verðmætasköpun innanlands.

Ungt Framsóknarfólk vill að:

- Sett verði reglugerð þar sem samræmt flokkunarkerfi verði komið á fyrir allt landið
- Veitt verða tímabundnar skattaávilnanir til endurvinnslu fyrirtækja sem vinna úr sorpi til að liðka fyrir starfsemi og stofnun þeirra hér á landi með það að markmiði að draga úr kolefnisspori sorpsendurvinnslu og frekari nýtingu verðmæta innanlands.